



Ritrýnd grein birt 31. desember 2011

Puríður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir

# **Samkennsla staðnema og fjarnema við Menntavísindasvið Háskóla Íslands**

## **Reynsla og viðhorf kennara og nema – togstreita og tækifæri**

Í greininni eru kynntar niðurstöður rannsóknar á viðhorfum nema og kennara til samkennslu staðnema og fjarnema í Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Fjarnám og staðnám kennaranema hefur verið aðskilið þannig að staðnemar og fjarnemar hafa ekki setið saman í námskeiðum nema í þeim tilvikum þegar nemar hafa verið svo fáir að námskeið hefðu að öðrum kosti fallið niður. Skólaárið 2010–2011 varð það hins vegar meginregla við Menntavísindasvið að hætta skyldi að kenna staðnemum og fjarnemum í aðskildum hópum og að öll námskeið skyldi skipuleggja þannig að þau væru fyrir bæði staðnema og fjarnema. Rannsóknin er liður í að fylgjast með, skrásetja og greina útfærslu og framkvæmd samkennslulíkansins. Spurningalistar voru lagðir fyrir kennara og nema og viðtöl tekin við níu kennara og 22 nema í átta námskeiðum af 48 sem voru samkennd á haustmíssi 2010. Niðurstöður sýna að reynslan hefur verið blandin og finnst flestum að samkennslan sé síðra fyrirkomulag. Margir fjarnemar töldu að þeim væri verr sinnt í samkennsluforminu og staðnemar höfðu áhyggjur af því að tímum í staðnámi fækkaði. Kennarar taka undir þetta og áhyggjuefni margra í þeirra hópi var lítil virkni fjarnema. Bæði kennarar og nemar telja þó að þróa beri samkennslulíkanið áfram en þá með þó nokkrum breytingum og báðir hópar telja helsta kost þess þann að hægt sé að bjóða námskeið sem ella hefðu fallið niður vegna fámennis.

Puríður Jóhannsdóttir er lektor og Sólveig Jakobsdóttir er dósent, báðar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

**Co-teaching campus-based students and distance students at the School of Education, University of Iceland: Experience and views of teachers and teacher students – conflicts and opportunities**

In this paper we present results from a study with the main purpose to examine the experience of co-teaching campus-based and distance undergraduate students at the Faculty of Teacher Education, School of Education, University of Iceland. In the school year 2010–2011, it was made a rule rather than the exception to merge teaching of these student groups, before it had only been done

when student groups were small. Data were gathered with questionnaires among teachers and students and with interviews with 9 teachers and 22 students in 8 courses. The experience was mixed and most respondents felt that the co-teaching model was not as good as teaching separate groups. The distance students complained that they were not as well served in the co-teaching model and on the other hand the campus-based students worried about getting fewer face-to-face lessons. The teachers shared those worries and among their concern was how passive the distance students were on the course-webs. The main benefit of teaching the two student groups together appeared to be that the courses would otherwise not be taught. However, the majority of participants thought that this teaching mode should be developed further but not abandoned.

Þuríður Jóhannsdóttir is assistant professor and Sólveig Jakobsdóttir is associate professor, both at the School of Education, University of Iceland.

Í þessari grein eru kynntar niðurstöður rannsókna á reynslu kennara og nema af samkennslu staðnema og fjarnema í grunnnámi við Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Allt frá árinu 1993 hefur verið hægt að stunda grunnskólakennaranám í fjarnámi (Lára Stefánsdóttir og Sigurjón Mýrdal, 1993) og leikskólakennaranám hefur einnig staðið til boða í fjarnámi allt frá árinu 1991 (Ásrún Matthíasdóttir, 1999). Staðnám og fjarnám kennaranema hefur frá upphafi verið aðskilið þannig að staðnemar og fjarnemar hafa ekki setið saman í námskeiðum nema í þeim tilvikum þegar nemar hafa verið svo fáir að námskeið hefðu annars fallið niður. Skólaárið 2010–2011 varð það meginregla við Menntavísindasvið að hætta skyldi að kenna staðnemum og fjarnemum í aðskildum hópum og að öll námskeið skyldi skipuleggja þannig að þau væru fyrir bæði staðnema og fjarnema. Í samkennsluforminu er almennt gert ráð fyrir að fjarnemar og staðnemar mæti saman í nokkurra daga staðlotu (oftast ein vika eða 5 dagar) í upphafi misseris og aftur um miðbik misseris. Síðan er gert ráð fyrir að staðnemar fái reglubundna vikulega kennslu (einu sinni eða tvisvar í viku) en fjarnemar hafi aðgang að námskeiðsvef á netinu sem notaður er til miðlunar og samskipta á milli kennara og nema. Námskeiðsvefir eru að jafnaði að-gengilegir fyrir staðnema líka.

Markmiðið með rannsókninni, sem hér er kynnt, er að afla upplýsinga um og greina reynslu kennara og nema af samkennslunni fyrsta árið og viðhorf beggja hópa til samkennsluformsins. Áhersla er lögð á að greina vandamál sem upp hafa komið og íhuga tækifæri til þróunar.

## Staða höfunda

Höfundar greinarinnar eru báðar kennarar við Kennaradeild en hafa mest kennt í framhaldsnámi og skólaárið 2010–2011 kenndi hvorug námskeið í grunndeild. Sólveig er dósent í fjarkennslufræðum en Þuríður er lektor í uppeldis- og menntunarfræði og báðar hafa stundað rannsóknir á fjarkennslu á ýmsum skólastigum. Rannsóknin, sem greinin byggist á, er gerð á vegum Rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun að beiðni stjórnenda Menntavísindasviðs en höfundar eru báðar í stjórn rannsóknarstofunnar.

## Bakgrunnur

Þegar rannsaka á þróun samkennslu við Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands þarf að líta á hana í samhengi við þróun fjarnáms í kennaranámi við Kennaraháskóla Íslands og áður Fósturskóla Íslands sem varð hluti af Kennaraháskólanum árið 1998.

Leikskólakennaranám í fjarnámi hófst árið 1991 og var í fyrstu skipulagt í staðbundnum lotum þar sem nemar komu í skólann þrisvar á ári 3–4 vikur í senn. Þess á milli byggðist námið á bréfasamskipum og símaviðtölum þar sem einungis hluti nema var tölvutengdur

en árið 1993 var farið að nota tölvusamskipti (Auður Kristinsdóttir, Ásrún Matthíasdóttir og M. Allyson Macdonald, 2001; Ásrún Matthíasdóttir, 1999). Skólaárið 1993–1994 var í fyrsta sinn boðið upp á grunnskólakennaranám til B.Ed.-gráðu við Kennaraháskólann en langvarandi skortur á kennurum með kennaranám og kennsluréttindi, einkum í dreifbýli, knúði á um að leita nýrra leiða til að mennta fleiri kennara (Lára Stefánsdóttir og Sigurjón Mýrdal, 1993). Ný tækni hafði gert mögulegt að nota Internetið til samskipta og miðlunar efnis og fjarnámið var skipulagt sem blanda af svokölluðum staðlotum þar sem kennararnemar komu í skólann og voru þar við nám í stuttum lotum en þess á milli var netið notað til samskipta og til að senda kennsluefni og verkefni á milli nema og kennara. Fyrstu árgangarnir, sem teknir voru inn í fjarnámið, voru í lengri staðlotum yfir sumarið en fljótlega varð regla að staðlotur voru í eina viku í upphafi hvers misseris og aftur í eina viku um miðbik misseris. Flestir fjarnemanna voru starfandi sem leiðbeinendur í skólum í dreifbýli á meðan þeir stunduðu kennaranámið (Jón Jónasson, 2001).

Með örri þróun tölvutækninnar og netsins þótti fýsilegt að bjóða kennaranám í fjarnámi og staðnámi sem jafngilda kosti fyrir alla, burtséð frá þörf fyrir réttindakennara í skólum. Um og upp úr aldamótunum 2000 höfðu þeir sem störfuðu sem leiðbeinendur í skólum í dreifbýli ekki lengur forgang við inntöku í fjarnám og ekki var lengur hægt að gera ráð fyrir að fjarnemarnir hefðu reynslu af skólastarfi eins og verið hafði í upphafi fjarnámsins. Talsverður hluti kennaranema í fjarnámi var þó áfram starfandi í skólum en Kennaraháskólinn og eftir sameiningu við Háskóla Íslands árið 2008, Kennaradeild Menntavísindasviðs, hafa ekki haldið skrá um þetta þannig að nákvæmar tölur um hlutfall leiðbeinenda í hópi fjarnema eru ekki til. Þeim fjarnemum sem stunda kennslu í skólum meðfram kennaranámi í fjarnámi hefur þó farið ört fækkandi. Í úttekt sem gerð var á fjarnáminu árið 2001 (Auður Kristinsdóttir o.fl., 2001) kom í ljós að af þeim fjarnemum við nám í grunndeild Kennaraháskóla Íslands (leikskóla-, grunnskóla- og kennsluréttindanám) sem svöruðu könnuninni voru 70% við kennslu meðfram náminu. Í könnun sem gerð var meðal fjarnema í grunnskólakennaranámi árið 2004 (Amalía Björnsdóttir, 2009) voru um 40% þeirra sem svöruðu starfandi í grunnskólum með náminu. Þessi þróun hefur haft það í för með sér að fjarnemahópurinn hefur orðið sundurleitari og kennarar hafa síður getað skipulagt verkefni sem gerðu ráð fyrir að fjarnemar væru almennt starfandi í skólum. Sumir fjarnemarnir eru í sambærilegri stöðu og venjulegir kennararnemar sem fara í nám til að búa sig undir starf við kennslu. Rannsókn Þuríðar Jónu Jóhannsdóttur (2010) á fjarnáminu eins og það var á árunum 2003–2005 leiðir þó í ljós að flestir kennarar leggja verkefni þannig upp að þeir gera ráð fyrir að einhverjir af kennaranemunum starfi við kennslu. Af samskiptum á námskeiðsvefjum mátti líka sjá að kennararnemar byggðu á reynslu sinni við kennslu í verkefnum og umræðum.

Aukið aðgengi að bæði grunnskólakennaranámi og leikskólakennaranámi leiddi til þess að hlutfall fjarnema fór vaxandi og varð um helmingur eða meira í báðum hópum. Í árskýrslum Kennaraháskóla Íslands sést að árið 2002 voru fjarnemar 46% af grunnskólakennaranemum og 53% af leikskólakennaranemum; árið 2007 voru fjarnemar 60% af nemum í grunnskólakennarafræðum og 49% af nemum í leikskólakennarafræðum (Kennaraháskóli Íslands, 2003, 2008).

Á 10. áratug síðustu aldar varð ör þróun í framhaldsnámi í Kennaraháskóla Íslands og var það byggt upp sem fjarnám eða blandað nám þar sem nemar mættu yfirleitt tvisvar til þrisvar á misseri í staðlotur sem stóðu í 2–3 daga í senn en þess á milli var netið notað til samskipta og miðlunar á kennsluefni og verkefnum (Auður Kristinsdóttir o.fl., 2001). Upp úr miðjum síðasta áratug var í sumum námskeiðum, einkum fjölmönnum, farið að bjóða upp á reglubundna tíma einu sinni í viku fyrir þá sem vildu og gátu mætt reglulega í skólann eins og staðnemar. Samhliða þessu jókst notkun upptökutækni þannig að fyrirlestrar, sem fluttir voru í vikulegum tímum, voru oftast teknir upp og vistaðir á námskeiðsvef fyrir

Þá nemendur sem ekki mættu í tímana. Nokkrar staðlotur á misseri þegar allir nemendur mættu voru þó áfram það líkan sem byggt var á og námskeiðsvefir á netinu voru notaðir sem sameiginlegt svæði fyrir samskipti og miðlun fyrir bæði þá nema sem mættu reglulega (staðnema) og hina (fjarnema). Árið 2007–2008 var starfshópur við Kennaraháskólann fenginn til að skoða fjarnámið við skólann ekki síst með tilliti til skipulags á staðlotum (Sólveig Jakobsdóttir, 2008; Sólveig Jakobsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir, Hanna Lilja Valsdóttir, Ingibjörg B. Frímansdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir, 2008). Könnun, sem starfshópurinn stóð að meðal fjarnema<sup>1</sup>, sýndi að mikil ánægja var með fjarnámið (87% voru ánægðir eða mjög ánægðir) en ekki eins algengt að fjarnemar væru ánægðir með staðloturnar (64% ánægðir eða mjög ánægðir). Svarendur vildu þó yfirleitt halda því skipulagi að hafa um tvær staðlotur á misseri í hverju námskeiði en þeir sem vildu það ekki skiptust í nokkuð jafna hópa eftir því hvort þeir vildu meira eða minna staðnám/staðlotur<sup>2</sup> svo að ekki var lagt til að breyta skipulaginu til að koma til móts við viðhorf sem flestra.


Mikilvægt er að hafa í huga þetta sögulega samhengi í þróun óhefðbundinna leiða í kennaranámi þegar tekin er ákvörðun um að skipuleggja námskeið þannig að staðnema og fjarnema séu saman á námskeiði. Þegar ljóst varð í kjölfar efnahagshrunsins að skera varð niður fjármagn til kennslu reyndist það leið til sparnaðar að slá saman námskeiðum sem áður höfðu verið kennd sem tvö fyrir fjarnema og staðnema í eitt námskeið fyrir báða hópa. Með því móti fengu kennarar færri tíma greidda fyrir sama fjölda nemenda. Þetta var þó ekki eina ástæðan fyrir því að slá þessum hópum saman þar sem stjórnendur og sumir kennarar sáu þetta sem leið til að þróa opnari og sveigjanlegri kennsluhætti. Litið var svo á að það gæti verið ávinningur að því að leiða saman fjarnema og staðnema þar sem mismunandi bakgrunnur og reynsla gæti verið áhugavert framlag sem víkkaði sjóndeildarhring beggja hópa og styrkti námið. Í greinum þar sem námshópar höfðu verið fámennir höfðu kennarar reynslu af að slá saman fjarnemum og staðnemum og sáu í því leið til að efla samfélag verðandi faggreinakennara, burtséð frá því hvort þeir hefðu valið sér að taka námið í staðnámi eða fjarnámi. Það varð því úr að frá og með haustinu 2010 skyldi kenna fjarnemum og staðnemum saman í námshóp, sjá nánar um tildrög í grein höfundar frá síðastliðnu ári (Þuríður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir, 2010).

## Kenningaleg nálgun

Þuríður Jóna Jóhannsdóttir (2010) heldur því fram í rannsókn, sem byggðist á viðtölum við nokkra fjarnema í fyrsta árganginum sem var í grunnskólakennaranáminu, að líta megi á þróun fjarnámsins í kennaranámi fyrstu árin sem víkkað nám (e. *expansive learning*). Hugtakið er notað til að lýsa þróun sem verður í starfsemi þegar skilningur á viðfangi starfseminnar vikkar (Engeström, 1987, 2001, 2007a; Engeström og Sannino, 2010). Engeström hefur þróað kenninguna um víkkað nám á grunni menningar- og sögulegrar starfsemiskenningar (e. *cultural historical activity theory*) en kenningin er til þess fallin að skýra samspil einstaklingsþróunar og stofnanapróunar. Engeström lagði til líkanið um hringrás vikkaðs náms (e. *expansive learning cycle*) til að greina þróun af þessu tagi, sjá *Mynd 1*. Líkanið gerir ráð fyrir að breytingar í starfsemi (e. *activity*) spretti af þörf og skýri hvernig einstaklingar læra og starfsemi þróast með því að bregðast við breytingum, s.s. nýjum verkfærum, nýjum reglum eða nýjum viðfangsefnum sem starfseminni er fengin og fólki með ýmis hlutverk í starfseminni er þar með ætlað að taka að sér.

<sup>1</sup> Fjarnemar við skólann voru 1.539 og fengu þeir allir beiðni um þátttöku. Um þriðjungur svaraði eða 527.

<sup>2</sup> Í könnuninni frá í desember meðal nema kemur í ljós að flestir telja ákjósanlegt það fyrirkomulag á staðlotum sem verið hefur við lýði í Kennaraháskóla Íslands. Það er um 2–3 dagar (35%) eða 4–5 dagar (27%) í staðlotum sem haldnar eru um tvisvar á misseri (44%). Hópurinn skiptist nokkurn veginn jafnt að öðru leyti; 27% vilja hittast sjaldnar en 29% oftari og því erfitt að leggja til að draga eigi úr eða auka staðbundinn tíma.



**Mynd 1 – Hringrás útvíkkaðs náms (e. *expansive learning cycle*),  
byggt á líkani Engeström (2001), bls. 152.**

Sé þróun fjarnámsins, sem lýst var hér á undan skoðuð með hliðsjón af líkaninu, má líta svo á að Starfsemi I (sjá *Mynd 1*) sé kennaramenntunin eins og hún var áður en fjarnámið kom til. Hið hefðbundna kennaranám dugði ekki og til að koma til móts við þörf fyrir kennara, einkum í skólum í dreifbýli, þurfti því að leita nýrra leiða til að mennta kennara og það var gert með því að koma á fót fjarnámi sem í fyrstu miðaði sérstaklega að því að mennta kennara sem voru við kennslu í skólum en án réttinda.

Þegar fjarnám fyrir þennan hóp fór af stað þýddi það að kennaranemar voru öðru vísi hópur en venjulegir kennaranemar sem tóku kennaranám áður en þeir byrjuðu að kenna. Hefðu kennarar í Kennaraháskólanum haldið óbreyttum kennsluháttum og ekki tekið tillit til reynslu fjarnemanna af kennslu er hætt við að upp hefðu komið árekstrar sem eru skýrðar sem annars stigs móthverfur í líkaninu. Til að yfirvinna þær og þróa starfsemina þurftu kennarar að taka mið af því að kennaranemar í fjarnámi væru starfandi í skólum og leggja verkefnin þannig upp að nemarnir gætu nýtt þau beint í starfi sínu. Á þann hátt þróuðu þeir starfsemi kennaramenntunar með því að víkka skilning sinn á viðfangsefni kennaramenntunar sem áður hafði verið að búa kennaranema undir að kenna áður en þeir tækju til starfa en fólst nú í að styðja við þróun leiðbeinenda/kennara í starfi í skólum. Í fjarnáminu þróaðist líkan að breyttum kennsluháttum og námsaðferðum.

Fjórða þrepíð í líkaninu gerir ráð fyrir að þegar nýjar starfsaðferðir þróast í stofnunum þá verði árekstar á milli nýrra og gamalla aðferða. Kenningin skýrir þetta sem þriðja stigs móthverfur eða spennu sem myndast þegar sumir starfsmenn hafa þróað nýja starfshætti til að koma til móts við breytt viðfangsefni sem starfsemin þarf að sinna en aðrir ekki og breytingarnar hafa ekki verið teknar upp á stofnanastigi. Þegar breyttir starfshættir hafa verið teknir upp á stofnanastigi í einni stofnun getur komið upp spennu á milli þeirrar stofnunar og þeirra stofnana sem hún tengist (kallað 4. stigs móthverfur), hér t.d. á milli Kennaraháskólans og grunnskólanna þar sem kennaranemarnir störfuðu. Til að losa um þess háttar spennu þurfa þær stofnanir sem tengjast vegna starfsemi sinnar að stilla saman starfsemi sína.

Viðfangsefni kennaramenntunar er að mennta kennara til að gera skólastarf betra. Sú þróun, sem varð fyrstu árin í fjarnámi grunnskólakennaranema, byggðist á skýrri sýn hvað þetta varðar og Kennaraháskólinn sem stofnun brást við þörfum með því að víkka skilning sinn á viðfangi kennaramenntunar. Við skipulag námsins var líka tekið tillit til þarfa skólanna þar sem kennaranemar voru að kenna og í upphafi voru staðlotur skipulagðar þannig að þær féllu utan við reglubundið starf skóla; jólafrí og sumarfrí notuð svo og helgar. Með greiningu á þróun námsins í ljósi þessarar kenningar má sýna fram á að þar hafi þróast víkkað nám (Þuríður Jóna Jóhannsdóttir, 2010).

Afraksturinn varð sá að kennaranámið varð ekki bara menntun einstakra kennara heldur framlag til skólaþróunar. Í viðtölum við grunnskólakennaranema í fyrsta árgangi kom fram að þeir höfðu þann skilning á námi sínu að þeir væru að læra að þróa starf sitt sem kennarar í þeim tilgangi að gera skólann sinn betri, þ.e. leggja sitt af mörkum til skólaþróunar. Við þetta bættist að bæði Kennaraháskólinn sem stofnun og skólarnir, þar sem kennaranemar störfuðu og oft skólaskrifstofurnar heima í héraði, höfðu skuldbindingar hvert gagnvart öðru sem og gagnvart fjarnemunum sem þeir stóðu saman um að styðja í náminu. Þannig stuðlaði fjarnám fyrir kennaranema fyrstu árin að samábyrgð bæði kennara og nema og skólanna þar sem þeir störfuðu heima í héraði og Kennaraháskólans.

Þegar gerð hefur verið grein fyrir niðurstöðum úr rannsókninni verður þróun samkenndu í Kennaradeild skoðuð í ljósi kenningarinnar um víkkað nám þar sem litið er svo á að hún sé liður í þróun sem hófst með fjarnáminu. Í öðru þrepi hringsins, í lið 2A, er gert ráð fyrir að til að styðja þróun sé mikilvægt að líta á breytingastarfsemi sem lið í sögulegri framtíð.

## Aðferð

Við gagnaöflun og úrvinnslu voru notaðar blandaðar rannsóknaraðferðir. Annars vegar var safnað gögnum frá kennurum og nemum með spurningalistum sem lagðir voru fyrir á neti. Hins vegar voru tekin viðtöl við nema og kennara í átta samkenndum námskeiðum sem voru kennd á haustmíssi 2010.

## Þátttakendur

### Viðtöl við kennara og nema í 8 námskeiðum

Samkennd námskeið í grunnnámi við Kennaradeild á skólaárinu 2010–2011 voru 94 talsins (skv. upplýsingum frá nemendaskrá á vormíssi 2011). Þar af var um helmingur námskeiða (48) samkennd á haustmíssi 2010 og 46 á vormíssi 2011. Meðalfjöldi skráðra nema í námskeiðum á haustmíssi var 39 og að meðaltali luku 34 nemar hverju námskeiði. Meðalhluftall fjarnema í þessum námskeiðum var 33% (þetta er þó erfitt að meta með vissu þar sem skráning var ekki alltaf áreiðanleg).

Valin voru átta námskeið af námskeiðunum 48 (17%) sem samkennd voru á haustmísserinu. Valið tók mið af því að fá sem fjölbreyttasta mynd m.t.t. námsgreina og fjölda nemenda – fjölmenn, miðlungs, fámenn (fámennast 12 nemar, fjölmennast 173 skráðir nemar). Haft var samband við umsjónarmenn námskeiðanna og samþykktu þeir allir að taka þátt í rannsókninni. Tekin voru viðtöl við níu kennara (í einu námskeiði voru tveir umsjónarmenn sem voru saman í viðtali) og 22 nema í þessum námskeiðum. Nemarnir voru valdir af handahófi, a.m.k. einn fjarnemi og einn staðnemi úr hverju námskeiði, fleiri voru valdir úr fjölmennari námskeiðunum en alls var talað við 11 fjarnema og 11 staðnema. Byrjað var á því að hafa samband við nema sem valdir voru með tölvupósti en ef tölvupósti var ekki svarað var beiðnin ítrekuð í símtali.




### Spurningalistar

Þýðið voru allir nemar í grunnnámi í Kennaradeild Menntavísindasviðs (B.Ed.-nám í leikskólakennarafræðum og grunnskólakennarafræðum) á vormisseri 2011 og þeir kennarar í deildinni sem kenndu námskeið í grunnnámi á þeim tíma.

Í Kennaradeild voru skráðir 748 nemar en samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Menntavísindasviðs kom í ljós að 294 höfðu valið þann kost að vera ekki á listum vegna kannana, þ.e. nær 40% af öllum grunnnemum í deildinni. Úrtakið úr nemendahópnum var því 446 nemar sem fengu beiðni um þátttöku. Einungis 69 svöruðu, sem er um 15% þátttaka, 59 konur og 9 karlar, einn gaf ekki upp kyn. Aldursdreifingin var jöfn, 32% voru yngri en 25 ára, 43% á aldrinum 25–34 ára, 20% 35–44 ára og 4% eldri en 44 ára.

Þó að svarhlutfallið væri mjög lágt þá endurspeglar svarendur nokkuð vel þýðið<sup>3</sup> þegar litið er til kyns, tegundar náms, hvort um er að ræða nýnema eða lengra komna og með tilliti til námsforms (fjarnáms eða ekki), sjá *Mynd 2*.



**Mynd 2 – Hlutföll í hópi svarenda og þýðis með tilliti til kyns, tegundar náms, námsárs og kennsluforms (Fjöldi svarenda=69, fjöldi í þýði=740).**

Skipting svarenda milli námsára var nokkuð jöfn eins og fram kemur á *Mynd 2*, 32% svarenda voru nýnemar á fyrsta ári (að taka einingar 1–60), 40% voru á öðru ári (einingar 61–120) og 28% á þriðja ári (einingar 121–180). Varðandi námsform þá var um þrjú hópa að ræða meðal svarenda. Um 43% voru í fjarnámi eingöngu (sjá *Mynd 1*). Um 35% sögðust vera í staðnámi og 22% ýmist í stað- eða fjarnámi. Ekki er hægt að nálgast sambærilegar upplýsingar um þýðið. Í upplýsingum frá Háskóla Íslands kemur þó fram að 33% nemenda eru skráðir sem fjarnemar (sbr. *Mynd 1*) en því miður eru þær upplýsingar ekki áreiðanlegar.

<sup>3</sup> Upplýsingar um þýði eru fengnar af vef Háskóla Íslands (*Háskóli Íslands í tölum*, sjá [http://www.hi.is/skolinn/hi\\_i\\_tolum](http://www.hi.is/skolinn/hi_i_tolum)). Notast var við upplýsingar frá 20. febrúar 2011 í Excel-skjali um skráða nema á skólaárinu 2010–2011. Á þeim tíma voru 740 nemar skráðir í leik- eða grunnskólakennarafræðum, átta færri heldur en voru á lista skrifstofu Menntavísindasviðs sem notast var við þegar úrtak var gert vegna könnunar 18. apríl 2011.

Marktækur munur var á svarendahópum eftir námsformi með tilliti til aldurs, hlutfalls nýnema, búsetu og hversu mikla vinnu nemendur stunduðu með náminu, sjá *Töflu 1*. Þeir sem voru í staðnámi voru heldur yngri en hinir hóparnir. Einnig voru tiltölulega fleiri af fyrsta ári í hópi staðnema en hinna hópanna. Þá var munur varðandi búsetu, mikill meirihluti staðnema bjó á höfuðborgarsvæðinu (83%) miðað við 33% fjarnema og 60% þeirra sem voru í bland fjar- eða staðnema. Ekki var munur milli hópa varðandi það hvort þeir stunduðu vinnu með námi eða tegund atvinnu (62% nemenda gerðu það, þar af 53% kennslu eða uppeldisstörf) en munur var eftir því hversu mikið var unnið með náminu. Allir staðnema, sem stunduðu vinnu, gáfu upp innan við helmings starfshlutfall en það gildi um 17% fjarnema og 60% þeirra sem voru í bland í fjar- og staðnámskeiðum. Á hinn bóginn gáfu 39% fjarnema, sem unnu með náminu, upp 51–75% starfshlutfall og 39% 76–100%, sjá nánar í *Töflu 1*.

<b>Tafla 1 – Aldur nema, hlutfall nýnema, búseta nema, vinna með námi og starfshlutfall. Hlutfall (%) eftir námsformi.</b>				
<b>Þáttur</b>	<b>Í fjar-námi</b>	<b>Ýmist í fjarnámi eða staðnámi</b>	<b>Í stað-námi</b>	<b>Allir</b>
Aldur, yngri en 25 ára <sup>4</sup>	13	33	54	32
Á fyrsta ári í námi (eining 1–60) <sup>5</sup>	20	20	57	
Búseta <sup>6</sup>				
Á höfuðborgarsvæði (eða < hálf tíma frá)	33	60	83	57
Utan höfuðborgarsvæðis en nálægt	40	27	12	28
Langt utan höfuðborgarsvæðis (> 2 tíma frá)	23	13	4	14
Erlendis	3	0	0	1
Vinna með námi				
Já	60	67	62	62
Ef já, kennslu eða uppeldisstörf?	72	40	40	54
Starfshlutfall <sup>7</sup>				
Undir 26%	0	10	47	19
26–50%	17	50	53	37
51–75%	39	30	0	23
76–100%	39	10	0	19
Yfir 100%	6	0	0	2

\* = Marktækur munur eftir námsformi.

Kennarar í Kennaradeild voru 87 talsins (að frátöldum höfundum), 61% konur og 39% karlar og þeir fengu boð um þátttöku í kennarakönnun, 45 svöruðu sem er rúmur helmingur (52%) – þar af voru 69% konur og 31% karlar. Um 8 af þessum 87 voru í orlofi eða kenndu ekki í grunnnámi þetta misseri og því er nær að meta þátttöku sem 57%.

## Spurningalistar og viðtöl

Spurningalistar voru samdir af höfundum. Auk nokkurra bakgrunnsspurninga voru þátttakendur spurðir um reynslu sína af samkenndu og beðnir um að meta gæði hennar almennt en einnig með tilliti til nokkurra þátta í samanburði við kenndu í aðskildum hópum. Þá var spurt um kosti og galla samkenndu, spurt um hvort stærð hópa skipti máli eða námsgrein. Einnig var spurt um staðlotur og staðbundna kenndu og notkun tækni í

<sup>4</sup>  $\chi^2(6, N=69)=16,55, p=0,011$

<sup>5</sup>  $\chi^2(4, N=68)=11,72, p=0,020$

<sup>6</sup>  $\chi^2(6, N=69)=14,30, p=0,026$

<sup>7</sup>  $\chi^2(8, N=43)=27,76, p=0,001$



kennslu og þátttakendur voru beðnir um að meta hvort þeir teldu rétt að þróa samkenntslu áfram með svipuðu sniði, með töluverðum breytingum eða frekar að kenna í aðskildum hópum.<sup>8</sup> Að hluta til byggðu spurningar á könnun sem gerð var meðal nemenda um viðhorf til fjarnáms og staðlotna árið 2007 (Sólveig Jakobsdóttir o.fl., 2008).

Viðtölin voru hálfopin. Nemendur og kennarar voru spurðir um reynslu sína af samkenntslu og framkvæmd hennar og hugmyndir um þróun hennar.

## Framkvæmd og gagnaúrvinnsla

Við, höfundar þessarar greinar, tókum viðtöl við kennara í febrúar og mars 2011. Kynningarbréf um rannsóknina voru send með tölvupósti og haft samband við viðkomandi kennara. Hvert viðtal tók um klukkutíma og fór fram við tölvuskjá í skrifstofu annarrar okkar. Kennarar sýndu viðkomandi námskeiðsvefi í námsumsjónarkefinu *Blackboard* í tengslum við viðtölin um leið og þeir skýrðu fyrirkomulag. Viðtölin voru ekki tekin upp en önnur okkar skráði jafnóðum það sem fram kom. Inntaksgreining var gerð á viðtalsgögnunum og niðurstöður nýttar til að gefa fyllri mynd af reynslu og viðhorfum kennara en fékkst með spurningalistum

Viðtöl við nema fóru fram í mars og voru tekin af Rósu Harðardóttur, framhaldsnema á námskeiðinu *Fjarnám og -kenntsla* við Menntavísindasvið á vormisseri 2011. Hún hafði samvinnu við okkur varðandi rannsóknaraðferð, valdi þátttakendur, sendi kynningarbréf um rannsóknina í tölvupósti, tók símaviðtöl við þátttakendur, greindi gögnin, tók saman helstu niðurstöður og skilaði skýrslu til höfunda.<sup>9</sup> Æskilegt þótti að nemar gætu rætt við annan nema fremur en kennara við deildina um reynslu sína af þessu nýja fyrirkomulagi.

Spurningalisti til nema var sendur út 19. apríl 2011 í *K2*, könnunarkerfi *Uglu*. Könnunin var opin fram í miðjan maí. Beiðni um þátttöku var ítrekuð tvisvar af rannsakendum um miðbik og í lok tímabilsins og einu sinni til viðbótar af deildarforseta Kennaradeildar rétt áður en henni var lokað. Spurningalisti til kennara var einnig sendur í *K2* 8. júní og var könnunin opin út júní. Við sendum nokkur ítrekunarbréf og deildarforseti Kennaradeildar sendi einnig ítrekun um miðbik tímabilsins (21. júní 2011).

Lýsandi tölfræðigreining var gerð á gögnunum í *Excel*. Kí-kvaðrat-greining var ennfremur gerð á gögnum úr nemakönnun. Skoðaður var munur á svörum þriggja hópa, þeirra sem voru í fjarnámi, í staðnámi eða ýmist í fjarnámi eða staðnámi til þess að athuga hvort reynsla og viðhorf nema væru ólík eftir námsformi.

## Niðurstöður

Hér er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr spurningakönnunum og viðtölum við nema og kennara.

### Hvernig er samkenntslan í framkvæmd?

Kenntslan var yfirleitt skipulögð þannig að 3–7 kenntslustundir voru í viku (hjá 88% kennara í könnun) nema í þeim vikum sem kennaranemar voru í vettvangsnámi, þ.e. kennt var í 7–10 vikur eftir námskeiðum. Nemar sögðust mæta alltaf (38%) eða yfirleitt (46%) í reglubundna tíma en 13% sagði það vera misjafnt eftir námskeiðum og 3% sögðust mæta sjaldan (N=39, svarhlutfall 57%). Meirihluti kennara (61%) taldi að reglubundin staðkenntsla fyrir staðnema hefði verið hæfilega mikil en 37% töldu hana of litla og 3% of mikla (N=38, svarhlutfall 84%).

<sup>8</sup> Sjá nánar í afritum af könnunum <https://ugla.hi.is/K2/eydublad.php?sid=135&fid=4872> (nema-könnun) og <https://ugla.hi.is/K2/eydublad.php?sid=135&fid=4871> (kennarakönnun).

<sup>9</sup> Þessi rannsóknarvinna var metin sem verkefni í námskeiðinu sem annar höfundur hafði umsjón með.

Til viðbótar við reglubundna staðkennslu var yfirleitt kennt í tveimur staðlotum, annarri í byrjun misseris og hinni um mitt misseri. Almennt var gert ráð fyrir að í 10 ECTS-eininga námskeiði fengju nemar sjö kennslustundir í hvorri staðlotu sem skiptust á tvo daga þannig að annan daginn mættu nemendur í þrjár kennslustundir en hinn daginn fjórar kennslustundir. Samkvæmt könnun var algengast að kennarar segðust bjóða upp á 14 kennslustundir samtals í tveimur staðlotum (49% kennara) en 37% minna (20% 7 tíma í einni lotu; 8 tíma í tveimur) en 10% voru með 21 tíma samtals í þremur staðlotum og 5% annað fyrirkomulag (N=41, 91% svarhlutfall). Um helmingur kennara (54%) taldi staðbundna kennslu í staðlotum fyrir fjarnema hafa verið hæfilega mikla en 44% taldi hana of litla og 3% of mikla (N=39, 87% svarhlutfall).

Í samkennsluforminu er gert ráð fyrir að staðlotur, sem áður voru skipulagðar fyrir fjarnema, nýtist fyrir bæði stað- og fjarnema.<sup>10</sup> Samkvæmt könnun meðal kennara var fjar- og staðnema kennt saman hjá 69% kennara, misjafnt eftir námskeiðum hjá 24% kennara en yfirleitt ekki hjá 7% (N=42, 93% svarhlutfall). Um tveir þriðju hlutar nema (66%) sögðust alltaf mæta í staðlotur og 26% yfirleitt, en 6% sögðu það misjafnt eftir námskeiðum og 2% sögðust mæta sjaldan. Um 59% kennara mátu mætingu mjög góða (90–100% mæting) eða góða en 29% töldu hana misjafna eftir námskeiðum og 12% mátu mætingu sem lélega eða mjög lélega (með innan við þriðjungs mætingu).

Eins og samkennsluforminu var háttáð haustið 2010 var algengt að kennarar gerðu upptökur af þeirri kennslu sem fram fór í reglulegum (vikulegum) tímum í háskólanum fyrir staðnema og að upptökurnar væru vistaðir í þar til gerðu námsumhverfi á netinu (yfirleitt *Blackboard* skólaárið 2010–2011 en gat líka verið *Ugla*). Um gat verið að ræða bæði innlegg eða fyrirlestra kennara og umræður sem fram fóru í kennslustundum. Í einu námskeiði var nefnt að þegar nemar, sem mættu í tíma (staðnema), kynntu verkefni sín hefðu verið gerðar upptökur af kynningunum og þær settar á námsumsjónarkerfið *Blackboard* fyrir þá sem ekki kæmst í staðtíma. Námsmat byggir á mikilli verkefnavinnu og símati en oft er líka lokapróf.

### Hversu mikla reynslu hafa nemar og kennarar af samkennslu?

Nemar voru spurðir hversu mikla reynslu þeir hefðu af samkennslu. Eins og við var að búast var reynslan takmörkuð af þessari nýbreytni. Meirihluti svarenda sagðist þó hafa reynslu af nokkrum samkenndum námskeiðum (3–5 námskeiðum) eða 57% en 16% höfðu meiri reynslu (6 námskeið eða fleiri). Aðrir sögðust hafa minni reynslu, 22% af einu námskeiði eða tveimur og 6% (4 einstaklingar, 1 fjarnemi og 3 staðnema) sögðust enga reynslu hafa af samkennslu.

Þar sem ekki hefur verið mikil endurnýjun í kennarahópnum á undanförunum árum höfðu kennarar mikla reynslu af því að kenna námskeið með fjar- og staðnema eingöngu. Svipað hlutfall (um 2/3 hlutar hópsins) hafði kennt 7 námskeið eða fleiri þegar hvort fyrirkomulagið um sig var skoðað. En þó voru 11% sem höfðu enga reynslu af að kenna fjarnema eingöngu og 7% staðnema eingöngu. Allir svarendur höfðu einhverja reynslu af samkennsluforminu en eins og við var að búast voru mun færri komnir með reynslu af mörgum námskeiðum. Vel innan við helmingur kennaranna (44%) höfðu kennt 7 námskeið eða fleiri með samkennsluforminu, um 22% höfðu kennt 7–9 námskeið og 20% höfðu kennt 10 námskeið eða fleiri. Algengara var að reynslan væri af nokkrum námskeiðum (4–6), 31% eða örfáum námskeiðum (1–3). Sjá nánar í *Töflu 2*.

<sup>10</sup> Skv. upplýsingum úr viðtölum við kennara og námskeiðslýsingum.


**Tafla 2 – Reynsla kennara af mismunandi námskeiðum (umsjón og/eða kennsla).**

Hvað hefur þú haft umsjón með og/eða kennt á mörgum námskeiðum?	Með fjarnemum eingöngu (%)	Með staðnemum eingöngu (%)	Þar sem bæði hafa verið skráðir fjar- og staðnemar (%)
Engum námskeiðum	11	7	0
Örfáum námskeiðum (1–3)	11	13	27
Nokkrum námskeiðum (4–6)	11	13	31
Allmörgum námskeiðum (7–9)	22	16	22
Mörgum námskeiðum (10 eða fleiri)	44	51	20

N<sub>fjarnámskeið</sub>= 45, N<sub>staðkennsla</sub>= 42, N<sub>samkennsla</sub>= 45

### Almennt mat á gæðum samkennslu og kennslu í aðskildum hópum

Nemar voru spurðir: Ef þú hefur reynslu af fjarnámi við Kennaradeild hversu ánægð(ur)/ óánægð(ur) hefur þú verið með það? Kennarar voru spurðir: Ef þú hefur reynslu af fjar-kennslu við Kennaradeild hversu ánægð(ur)/óánægð(ur) hefur þú verið (þ.e. reynslu af að kenna námskeið þar sem eingöngu eru skráðir fjarnemar)? Sambærilegar spurningar voru um staðnám/kennslu og reynslu af samkenndum námskeiðum. Niðurstöður má sjá á Mynd 3.




**Mynd 3 – Ánægja/óánægja kennara og nema með fjar-, stað- og samkennslu.**

Á myndinni sést að um 61% nema voru ánægðir eða mjög ánægðir með staðnámið en um þriðjungur (34%) staðnema sagðist hafa misjafna reynslu (N=47). Einungis tveir staðnemar lýsa yfir óánægju. Kennarar lýstu meiri ánægju með reynsluna af staðkennslu, 88% voru ánægðir eða mjög ánægðir og enginn óánægður en 12% með misjafna reynslu (N=42). Meirihluti kennara var einnig ánægður með fjarkennsluna, 8% mjög ánægðir og 43% ánægðir en 45% höfðu þó misjafna reynslu og 6% óánægðir eða mjög óánægðir (N=40). Svipaðar niðurstöður voru meðal nemanna, 55% voru ánægðir eða mjög ánægðir með það og aðeins tveir nemar voru óánægðir en yfir 40% eða 22 nemar lýstu misjafnri reynslu (N=53). Mun meiri óánægja kom fram hjá bæði kennurum og nemum varðandi

samkennd námskeið (sjá rauðan lit á *Mynd 3*). Svör voru á þá leið að 42% kennara (N=45) og 18% nema (N=65) voru óánægðir eða mjög óánægðir. Enginn kennari en 9% nema voru mjög ánægðir með samkennsluna, 27% kennara og 43% nema voru þó ánægðir en tæpur þriðjungur beggja hópa kvað reynsluna misjafna (31% kennara og 29% nema).

Þegar gæði námskeiða almennt voru borin saman (samkennd miðað við kennslu í aðskildum hópum) kom ennfremur fram að um 52% kennara og 38% nema taldi námskeiðin betri eða miklu betri ef hópunum væri ekki kennt saman, 44% kennara og 40% nema taldi gæðin svipuð en 4% kennara og 22% nema taldi gæði samkenndra námskeiða betri eða miklu betri en námskeið með aðskildum hópum (sjá *Mynd 4*).



**Mynd 4 – Svör nema og kennara við spurningum um hvort gæði séu svipuð eða ólík varðandi námsefni; námsmat; samskipti og samvinnu kennara og nema (K-N sam), kennara innbyrðis (K-K sam) eða nemenda innbyrðis (N-N sam); og kennslu.<sup>11</sup>**

Eins og sést á myndinni þá telur meirihluti kennara og nema gæði svipuð varðandi námsefni og námsmat og meirihluti kennara telur að samskipti og samvinna milli kennara sé svipuð. Á hinn bóginn hefur samkennsluformið greinilega meiri áhrif á kennsluna og samskipti milli nema og kennara svo og samskipti og samvinnu nema innbyrðis. Minnihluti telur gæði vera svipuð hvað þessa þætti varðar. Í öllum spurningunum hallar mjög á samkennsluna hjá kennurunum. Afar fáir þeirra telja gæði meiri í samkenndum námskeiðum heldur en þegar fjarnám og staðnám er aðskilið. Á hinn bóginn virðast nemar blendnari í sinni afstöðu. Þó hallar mjög á samkennsluna hjá þeim varðandi samskipti nema og kennara og kennsluna almennt en svipað hlutfall telur gæði meiri í samkenndum námskeiðum en þegar kennt er í aðskildum hópum varðandi námsefni, námsmat og samskipti nema innbyrðis.

<sup>11</sup> N<sub>kennarar</sub>= 45, N<sub>Nemar</sub>= 65 (nema varðandi samskipti við kennara 64).

## Kostir og gallar við samkenntslu

Nemar voru spurðir um helstu kosti samkenntslu og gátu merkt við nokkrar staðhæfingar sem unnar voru upp úr viðtölum við nema (Rósa Harðardóttir, 2011). Í könnun kennara voru þeir kostir taldir upp og bætt við nokkrum möguleikum sem komið höfðu fram í viðtölum við kennara. Niðurstöður má sjá í *Töflu 3*.

Tafla 3 – Helstu kostir samkenntslu. Hlutfall (%) sem velur hverja ástæðu.		
	Kennarar (%)	Nemar (%)
Námskeið í boði í samkenntslu myndu annars falla niður vegna fárra nema	80	84
Efni sett á net fyrir fjarnema nýttist staðnemunum líka	47	65
Fjarnemar og staðnemar geta unnið saman í verkefnum	44	51
Víkkar sjóndeildarhringinn að fá sjónarmið bæði staðnema og fjarnema	27	49
Gott fyrir fjarnema að geta leitað til staðnema sem sækja tíma reglulega	ES	41
Reglubundin staðkenntsla getur verið opin fyrir fjarnema (þá sem geta nýtt sér hana)	51	ES
Tækifæri til að þróa kennsluhætti	47	ES
Vinnusparandi fyrir kennara að halda utan um stað- og fjarnema á einum stað á netinu	44	ES
Tækifæri til að efla samfélag verðandi faggreinakennara	24	ES
Samkenntsla hefur jákvæð áhrif á fjarnámið	20	ES
Samkenntsla hefur jákvæð áhrif á staðnámið	7	ES

ES= Ekki spurt. Niðurstöður þar sem 50% eða fleiri merktu við eru dekkta.

Í ljós kom að aðalkosturinn, sem mest var merkt við í báðum hópum, var fyrst og fremst tengdur hagkvæmni, þ.e. að námskeið myndu annars falla niður, 80% kennara og 84% nema merkti við þann kost. Þá var einnig algengt að nemar merktu við að efni, sem sett væri út á netið fyrir fjarnema, nýttist staðnemunum líka (65%) og að fjarnemar og staðnemar gætu unnið saman í verkefnum (51%). En munur var á báðum þessum ástæðum eftir því hvernig nema um var að ræða. Um 40% fjarnema en 79% staðnema og 93% þeirra sem ýmist tóku fjar- eða staðnámskeið merktu við að efni sem sett væri út á netið fyrir fjarnema nýttist staðnemunum líka (marktækur munur,  $\chi^2(2,69)=15,70$ ,  $p<0,001$ ) en sambærilegar tölur fyrir samvinnu stað- og fjarnema voru 53%, 33% og 73% (marktækur munur,  $\chi^2(2,69)=6,05$ ,  $p=0,048$ ). Allstór hópur kennara merkti einnig við þessar ástæður (47% og 44%). Um helmingur nema, 49%, merkti við að það víkkaði sjóndeildarhringinn en rétt rúmur fjórðungur kennara töldu það kost. Margir nemar töldu að það væri gott fyrir fjarnema að geta leitað til staðnema sem sæktu tíma reglulega (41%). Tæpur helmingur taldi einnig að samkenntsla gæti verið tækifæri til að þróa kennsluhætti (47%) eða að það gæti verið vinnusparandi (44%). Um fjórðungur kennara taldi að samkenntsla gæti verið leið til að efla samfélag verðandi faggreinakennara. Eingöngu 20% töldu að hún gæti haft jákvæð áhrif á fjarnámið og ennþá færri (7%) töldu áhrifin jákvæð á staðnámið. Á hinn bóginn taldi rúmur helmingur kennara (51%) kost að reglubundin staðkenntsla gæti verið opin fyrir fjarnema (þá sem gætu nýtt sér hana). Í því sambandi var samt áhugavert að sjá að í nemakönnun virtist það vera mjög lítil hluti nema. Þegar spurt var hvort fjarnemar mættu í

tíma með staðnemum sagðist helmingur (af 46 svarendum) aldrei mæta, 17% sjaldan, 11% að það væri misjafnt eftir námskeiðum og 13% nokkrum sinnum. Svipaðar niðurstöður komu fram í svörum kennara, þar sögðu 73% að fáir eða mjög fáir fjarnemar nýttu sér að mæta í reglubundna kennslu, en 18% taldi það misjafnt eftir námskeiðum og einungis 8% taldi að margir nýttu sér það (N=38, svarhlutfall 84%).

Nemar og kennarar merktu við helstu ókosti samkennslu. Niðurstöður má sjá í *Töflu 4*.

<b>Tafla 4 – Helstu ókostir samkennslu. Hlutfall (%) sem velur hverja ástæðu.</b>		
	<b>Kennarar (%)</b>	<b>Nemar (%)</b>
Fjarnemar verða útundan – staðnemar í betra sambandi við kennara (nemar) Minna samband við fjarnema en staðnema – fjarnemar verða útundan (kennarar)	31	55
Erfitt að skipuleggja hópvinna stað- og fjarnema (tími, staður, tækni)	36	46
Staðnemum getur fundist pirrandi að þurfa að taka tillit til fjarnema í staðkennslu (nemar) Samkennslan getur skapað togstreitu milli stað- og fjarnema (kennarar)	31	32
Samkennsla dregur úr fjölda kennslustunda	29	29
Ruglingslegt skipulag þegar nemendur eru ekki flokkaðir í stað- og fjarnema (nemar) Skipulagið er flóknara í samkennslu (kennarar)	44	29
Þrýstingur á nema sem búa nálægt skóla að mæta í staðkennslu þó að þeir hafi valið fjarnám	ES	13
Lítill virkni fjarnema á netinu er vandamál	53	ES
Aukið álag að þurfa að sinna báðum hópum	47	ES
Samkennsla hefur neikvæð áhrif á fjarnámið	16	ES
Samkennsla hefur neikvæð áhrif á staðnámið	33	ES

ES= Ekki spurt. Niðurstöður þar sem 50% eða fleiri merktu við eru dekkar.

Algengast var meðal nema að þeir teldu að fjarnemar yrðu útundan, 55% svarenda merkti við þá ástæðu og þar var marktækur munur eftir námsformi. Um 70% fjarnema og 73% þeirra sem eru í ýmist í stað- eða fjarnámi merktu við þennan ókost en bara 25% staðnema (marktækur munur,  $\chi^2(2,69)=13,50$ ,  $p=0,001$ ).

Bæði í svörum við opnum spurningum og í viðtölum við nemendur kemur í ljós að samkennslan hefur í einhverjum tilvikum skapað togstreitu á milli stað- og fjarnema. Þannig segja nemar í viðtölum að rígur á milli stað- og fjarnema hafi verið vandamál. Þeir höfðu lent í vandræðum við að vinna með aðila sem ekki var á sömu leið og þá var erfitt að finna flöt á samvinnu og tíma til að vinna.

Ýmsir töldu að fjarnemar fengju verri þjónustu í samkennslu eins og sjá má af eftirfarandi svörum úr opnum spurningum þar sem fjarnemar kvarta undan að þeir „gleymist“ í samkennsluforminu.

Mér hefur fundist mjög erfitt að fá svör við spurningum frá kennurunum bæði í gegnum Blakk og tölvupóst þegar ég hef verið í samkennslu.



Mér finnst að það ætti að vera spes kennari sem sér um fjarnemana, eða þú veist, *Black-board/Moodle*-samskiptin í samkenntslu. Mín reynsla er sú að staðnámskennarinn fætti sjaldan að fjarnemar fá oft allar sínar upplýsingar þaðan og nota vefinn frekar eins og hann sé bara með staðnema. Ef það er á ábyrgð einhvers ákveðins aðila að passa upp á að allar upplýsingar séu til staðar og fyrirspurnum/umræðum sé sinnt tímanlega gengi það kannski betur.

Í þeim námskeiðum, sem ég hef verið í, hef ég fundið svakalegan mun á samkenndum námskeiðum og þeim sem eru eingöngu fjarkennd. Þjónustan við fjarnema er mun betri í fjarnámskeiðunum og í þeim samkenndu finnst mér fjarnemarnir gleymast svolítið, t.d. í fyrirlesturum, þegar það koma spurningar úr salnum, þá eru þær nær aldrei endurtekna og því hlusta fjarnemar oft á nokkura mínútna einhliða samtal og botna stundum ekkert í því um hvað er verið að tala.

Einnig þurfa KENRARAR AÐ KYNNNA SÉR ÞÁ AÐFERÐAFRÆÐI SEM ÞARF TIL AÐ GETA KENNT VEL Í FJARNÁMI. Þeir þurfa að kynna sér þær leiðir sem henta í fjarnámi og einnig vera vakandi yfir þeim miðlum sem hægt er að nýta til að kenna í fjarnámi.

Ef á að halda áfram að keyra saman stað- og fjarnema þarf að vanda sig mun betur í að sinna fjarnemum og þörfum þeirra.

Á hinn bóginn voru 54% staðnema sem sögðu að þeim geti fundist pirrandi að þurfa að taka tillit til fjarnema í staðkenntslu en 27% fjarnema nefndu þetta sem ókost og 7% þeirra sem voru ýmist í stað- eða fjarnámi (marktækur munur,  $\chi^2(2,69)=10,26$ ,  $p=0,006$ ).

Í viðtölum við nema kom fram að þeim finnst kennarar oft ekki meðvitaðir um mismunandi þarfir nemenda eftir því hvernig þeir hafa kosið að stunda nám sitt og halla þá oft á annan hópinn. Staðnemar telja að ávinningur af samkenntslu sé meiri fyrir fjarnema og hafa áhyggjur af að fjarnámið sé að taka yfir staðnámið og komi niður á því.

Kennarar voru óánægðastir með litla virkni fjarnema (53%) í samkenndum námskeiðum. Í viðtölunum lýstu margir kennarar áhyggjum sínum yfir hversu illa gengi að fá fjarnema til að vera virka þátttakendur í umræðum. Þeir voru almennt frekar ráðalausir varðandi hvað hægt væri að gera og fannst þeir oft vera búnir að reyna hvað þeir gætu til að hvetja fjarnema en með litlum árangri. Einn lýsti því hvernig hann hafði breytt fyrirkomulagi við námsmat þannig að bæði var gert ráð fyrir vikulegum skilum strax fyrstu vikunnar í námskeiði og jafnframt hafði hann mótað matskvarða með skýrt skilgreindum kröfum sem gerði það að verkum að nemar þurftu í verkefnum að sýna fram á að þeir hefðu raunverulega tileinkað sér það sem til var ætlast til að standast kröfur námskeiðsins. Þetta varð til þess að þeir sem ekki sinntu náminu heltust snemma úr lestinni en hinir vöndu sig á að sinna því jafnt og þétt.

Þá var algengt að kennarar teldu aukið álag að sinna báðum hópum (47%) og nemum fannst erfitt að skipuleggja hópvinna (46%) en það var athyglisvert í ljósi þess að 65% hafði merkt við það sem kost að fjar- og staðnemar gætu unnið saman.

Töluverður hluti beggja hópa kvartaði einnig yfir flóknu skipulagi (44% kennara) eða ruglingslegu (29% nema). Þetta kemur líka fram í viðtölum við nema sem töldu margir að námið væri ekki nógu skipulagt og fannst að breytingunum fylgdi öryggisleysi. Þeim fannst þeir ekki vita nógu mikið um hvernig námið yrði og fannst oft að fátt væri um svör varðandi það. Kennarar leggja líka áherslu á mikilvægi skipulags og í viðtölum við þá kom fram að það var að þeirra mati flóknara viðfangsefni að skipuleggja sama námskeið fyrir

bæði staðnema og fjarnema heldur en þegar þau voru kennd aðskilin; það þyrfti sennilega að vera mun niðurnegldara en þegar námskeið eru kennd aðskilin. Fram kom að það þyrfti að gera ráð fyrir miklu meiri virkni nema í skipulagningu námskeiða ef þróa ætti samkennslulíkanið áfram.

Um 23% fjarnema töldu ókost að það væri þrýstingur á nema sem byggju nálægt skólanum að mæta í staðkennslu (en enginn staðnemi taldi það ókost og 13% af þeim sem voru ýmist í stað- eða fjarnámi).


Í viðtölum við nema kom fram hjá einum viðmælanda úr hópi fjarnema að honum fannst hann vera undir þrýstingi af hálfu kennarans um að mæta í staðkennslu þar sem viðkomandi var búsettur á höfuðborgarsvæðinu. Þetta átti neminn erfitt með að skilja þar sem hann hafði valið að vera í fjarnámi og fannst eins og ekki væri borin virðing fyrir þeirri staðreynd. Hann upplifði að hann væri að svíkjast um ef hann mætti ekki.

Í viðtölum við kennara kom fram að þeir fjarnemar, sem búa í eða nálægt Reykjavík, séu yfirleitt í betri tengslum við kennara námskeiðsins. Það var bent á að nú væri meirihluti fjarnema yfirleitt ekki úti á landsbyggðinni eins og áður var algengast. Einn kennari nefndi það sem kost á samkennsluforminu að þá geti þeir fjarnemar, sem eru í ökufæri við Reykjavík, komið í tíma þegar þeim hentar, t.d. til að kynna verkefni sín í tímum. Það er augljóslega ekki val fyrir þá sem búa lengra frá og kennarar nefna margir að það sé erfitt fyrir fjarnema, sem búa fjarri, að stunda námið. Einn kennari taldi það kost á samkennsluforminu að það væri hægt að leggja verkefni upp þannig að nemar gætu valið hvort þeir tækju tiltekin verkefni í námskeiði sem staðnemar eða fjarnemar. Þetta mæltist vel fyrir og var að hans mati dæmi um hvernig hægt væri að auka sveigjanleika í kennsluháttum og koma þar með til móts við óskir nema. Eins og í fyrra dæminu er þetta ekki valkostur fyrir þá sem búa fjarri eða eiga þess ekki kost að velja staðnámsform af öðrum ástæðum.

Þá töldu um 29% af báðum hópum ókost að samkennsla drægi úr fjölda kennslustunda. 50% staðnema og 40% þeirra sem voru ýmist fjar- eða staðnemar merktu við þennan valmöguleika en eingöngu 7% fjarnema (marktækur munur,  $\chi^2(2,69)=13,29$ ,  $p=0,001$ ).

### Staðlotur og reglubundin staðkennsla


Nemar og kennarar voru spurðir um ánægju/óánægju varðandi staðlotur og reglubundna kennslu. Niðurstöður má sjá á Mynd 5.



Mynd 5 – Viðhorf nema og kennara gagnvart staðlotum og reglubundnum kennslustundum.

Í ljós kom að um helmingur nema (51%) og 38% kennara töldu misjafna reynslu af staðlotum, en aðeins 38% nema og 50% kennara eru ánægð eða mjög ánægð með staðlotum. Á hinn bóginn eru 12% kennara óánægð eða mjög óánægð en 10% nema ( $N_{\text{Kennarar}}=42$ , 93% svarhlutfall;  $N_{\text{Nemar}}=47$ , 68% svarhlutfall). Ánægja virtist töluvert meiri með reglubundnar kennslustundir en með staðlotum ekki síst meðal nema. Um 64% kennara og 76% nema voru ánægð eða mjög ánægð með þær, um fjórðungur taldi þær misjafnar eftir námskeiðum, 10% kennara voru óánægð eða mjög óánægð en engir nemar ( $N_{\text{Kennarar}}=39$ , 87% svarhlutfall;  $N_{\text{Nemar}}=37$ , 54% svarhlutfall).

Nemar og kennarar voru einnig beðnir um að bera saman gæði í staðlotum og reglubundnu staðnámi í samkenndum námskeiðum og námskeiðum þar sem fjarnemum og staðnemum er kennt í aðskildum hópum. Niðurstöður má sjá á *Mynd 6*.




**Mynd 6 – Samanburður gæðum í staðlotum og reglubundnum kennslustundum þegar kennt er í aðskildum hópum eða í samkenntu.**

Í ljós kom að um 39% kennara töldu staðlotum betri eða miklu betri þegar fjarnemum væri kennt sér og 44% nema voru sama sinnis. Um helmingur beggja hópa taldi að gæðin væri svipuð (56% kennara og 45% nemenda) eða betri í samkenndum námskeiðum (5% kennara og 21% nema). ( $N_{\text{Kennarar}}=41$ , 91% svarhlutfall;  $N_{\text{Nemar}}=47$ , 68% svarhlutfall).

Athyglisvert var að meirihluti kennara (63%) taldi að gæði reglubundinna kennslustunda væru svipuð í samkenndum námskeiðum og þar sem staðnemum væri kennt sér en eingöngu 38% nema voru sama sinnis. Um 37% kennara töldu reglubundnu tímana betri þegar staðnema væru eingöngu en 44% nema. Enginn kennari en 18% nema töldu hins vegar reglubundnu tímana betri í samkenndum námskeiðum ( $N_{\text{Kennarar}}=38$ , 84% svarhlutfall;  $N_{\text{Nemar}}=39$ , 57% svarhlutfall).


Nemar og kennarar voru spurðir hvað þeir teldu að dagafjöldi í staðlotum ætti að vera mikill samtals í einu námskeiði. Niðurstöður má sjá á *Mynd 7*.



**Mynd 7 – Viðhorf nema og kennara til skipulags á staðlotum (dagafjöldi í námskeiði á misseri).**

Um 67% nema töldu að dagafjöldinn ætti að vera 2–5 dagar samtals, 40% 2–3 og 27% 4–5, en 16% töldu að það ætti að nota færri daga, þar af 7% að engar staðlotur ættu að vera en 18% töldu að það ættu að vera fleiri dagar í staðlotum (N=45). Álíka hátt hlutfall kennara og nema vildi 2–5 daga (64%) en þar voru þó mun fleiri í hópi kennara sem töldu 4–5 daga hæfilega marga (43%) en 21% 2–3 daga. Um 7% kennara vildu 1 dag eða minna og 2% engar staðlotur en 26% 6 daga eða fleiri. Það var því greinilegur samhljómur meðal kennara og nema, meirihlutinn telur 2–5 daga hæfilega marga en meiri tilhneiging er hjá kennurum en nemum að vilja fleiri daga en færri (N=42, 93% svarhlutfall).

Nemar og kennarar voru einnig spurðir um hversu oft ætti að hafa staðlotur. Niðurstöður má sjá Mynd 8.



**Mynd 8 – Viðhorf nema og kennara til skipulags á staðlotum (hversu oft á að hittast).**

Meirihluti nema (55%) taldi að hittast ætti tvisvar á misseri í staðlotum en 28% aðeins einu sinni, þriðji stærsti hópurinn, 11%, taldi nægilegt að hittast einu sinni í upphafi náms og aldrei eftir það. Ekki nema 3% nema vildu hittast í staðlotum oftast en tvisvar á misseri í hverju námskeiði (N=47). Þetta eru svipaðar niðurstöður og í könnun meðal fjarnema frá 2008 (Sólveig Jakobsdóttir o.fl., 2008). Algengasta svarið í kennarahópnum (36%) var tvö skipti eins og í nemahópnum en næstalgengast var hins vegar þrjú skipti, 26% og 24% töldu mánaðarlega mætingu hæfilega á meðan enginn taldi eitt skipti nóg en 7% kennara merktu þó við að eitt skipti í upphafi náms og engin mæting eftir það væri gott skipulag. (N=42, 93% svarhlutfall).

Yfirleitt töldu kennarar að það ætti að kenna 3–4 kennslustundir í viku (53%) eða jafnvel meira en fjórar kennslustundir á viku (39%) en 8% töldu 1–2 kennslustundir að staðaldri á viku væri hæfilegt (N=38, 84% svarhlutfall). Svör nemenda voru á svipuðum nótum, 64% vildu 3–4 kennslustundir en 21% vildu meira en fjórar kennslustundir á viku og 15% vildu eina til tvær (N=39, svarhlutfall 57%). Kennarar vildu nær allir hafa reglubundna kennslu tvisvar í viku (58%) eða vikulega (38%) (N=38, svarhlutfall 84%). Svipað gilti um nemana, 72% vildu hafa reglubundnar kennslustundir tvisvar í viku og 23% vikulega (N=39, 57% svarhlutfall).

Meirihluta nema (56%) var ósáttur eða mjög ósáttur við að samkenntsla gæti haft í för með sér fækkun reglubundinna kennslustunda, en 36% töldu það misjafnt eftir námskeiðum og 8% voru sátt við slíka þróun (N=39, 57% svarhlutfall). Að sama skapi voru 44% kennara ósátt eða mjög ósátt hvað þetta varðaði en 47% töldu það misjafnt eftir námskeiðum og 8% voru sátt við fækkun kennslustunda (N=38, 84% svarhlutfall).

Nemar voru spurðir hvort þeir teldu upptökur trufla reglubundna kennslu (N=39, svarhlutfall 57%), en þar voru ekki nema fjórir (10%) sammála en 13% alveg sama og 77% ósammála eða mjög ósammála. Hugsanlega kunna staðnemar að meta að geta haft aðgang að upptökum síðar, t.d. ef þeir missa af tímum. Það er heldur ekki alltaf sem gerðar eru upptökur í tímum. Mörgum kennurum virðist hins vegar finnast truflandi að þurfa að sinna upptökum í reglubundnum kennslustundum því að 57% þeirra voru sammála því að upptökur í tíma trufluðu kennslustundir, 24% var sama en 19% voru ósammála (N=37, 82% svarhlutfall).

### Þróun samkenntslu

Nemar voru spurðir hvaða val þeir vildu helst hafa um námsform (100% svarhlutfall). Yfir helmingur nema (57%) sagðist vilja geta valið að vera ýmist staðnemi eða fjarnemi eftir námskeiðum (40% fjarnema, 67% staðnema og 73% þeirra sem voru ýmist í stað- eða fjarnámi). Rúmur fjórðungur (28%), þegar á heildina er litið, vildi geta valið að vera í fjarnámi (57% fjarnema, enginn staðnemi og 13% þeirra sem höfðu tekið ýmist fjar- eða staðnámskeið). Athyglisvert var að einungis 9% sögðust vilja geta valið að vera eingöngu í staðnámi (þar af 21% staðnema, enginn fjarnemi og 7% þeirra sem höfðu valið að taka námskeið ýmist í stað- eða fjarnámi). Eingöngu 7% sögðu að flokkunin skipti ekki máli (3% fjarnema, 12% staðnema og 7% þeirra sem ýmist völdu stað- eða fjarnám). Þrátt fyrir að margir nemar vilji vera í staðnámi þá sjá þeir væntanlega fyrir sér að sveigjanleiki í námsformi geti verið æskilegur þar sem aðstæður geti breyst, t.d. varðandi fjölskyldu, búsetu eða vinnu með námi.

Kennarar voru á hinn bóginn spurðir hvernig þeir vildu helst haga sínum kennslutíma (100% svarhlutfall). Jafnmargir sögðust vilja kenna mest staðnámskeið með staðnemum eingöngu (36%) og kenna í bland fjar-, stað- og/eða samkennd námskeið (36%). Tæpur þriðjungur af svörum dreifðist nokkuð jafnt, 11% vildu kenna sem mest samkennd nám-

skeið, 11% var sama hvaða tilhögun var en einungis 7% (3 einstaklingar) vildu kenna sem mest fjarnámskeið með fjarnemum eingöngu.

Nemar og kennarar voru spurðir hvort halda ætti áfram að þróa samkenslu stað- og fjarnema ( $N_{\text{Kennarar}}=40$ , 89% svarhlutfall;  $N_{\text{Nemar}}=63$ , 91% svarhlutfall). Í ljós kom að meirihluti svarenda taldi að það ætti að gera. Fjórðungur kennara (25%) og tæpur helmingur nema (49%) töldu að þróa ætti samkensluna með svipuðu sniði. Mikill fjöldi nema (43%) og kennara (37%) taldi að það ætti að halda samkenslu áfram en með töluverðum breytingum. Á hinn bóginn taldi þriðjungur kennara (33%) að frekar ætti að kenna í aðskildum hópum og einungis 14% nema en það er mjög athyglisvert í ljósi þeirra óánægjuradda sem komu fram. Væntanlega vega hagkvæmnisástæður þungt, ekki síst sá kostur sem talinn er helsti kostur samkenslunnar hjá yfirgnæfandi meirihluta beggja hópa að námskeið, sem myndu annars falla niður vegna fárra nema, gætu verið í boði í samkenslu.

## Umræða um niðurstöður í ljósi kenningarinnar um útvíkkað nám

Hér verður leitast við að skoða niðurstöðurnar með því að líta á samkensluformið sem lið í þróun sem hófst með fjarnáminu sem Kennaraháskólinn bauð fyrst árið 1993 og rætt var í upphafi greinar (sjá kaflann *Bakgrunnur*). Líkanið um hringrás víkkaðs náms (Engeström, 2001) lýsir þróun sem verður í starfsemi sem samspili einstaklingsbundinnar og stofnanabundinnar þróunar eins og lýst var hér að framan. Breytingar í starfsemi valda oft truflunum og spennu meðal starfsfólks og því getur við þær aðstæður liðið eins og það sé í ákveðinni klemmu (e. *double bind situations*) í þeirri merkingu að fólk veit að það þarf að breyta einhverju í starfsháttum sínum til að leysa þann vanda sem veldur spennu en það er einhverra hluta vegna ófært um að gera það (Engeström, 2007b). Við þessar aðstæður þarf að greina í hverju vandinn liggur og hvers konar stuðningur væri vænlegur til að þróa starfsemina. Kenningin um víkkað nám gerir ráð fyrir að niðurstöður, sem koma út úr greiningu gagna, séu lagðar fram sem tillögur til að vinna með í þróunarvinnu meðal þátttakenda þar sem markmiðið er að þróa nýtt líkan að starfsháttum. Litið er svo á að tillögurnar séu tilgátur byggðar á rannsókninni og að gildi þeirra verði ekki sannreynt nema í þróunarvinnu á vettvangi. Höfundar hafa þegar lagt fram þessar tillögur og eru þær aðgengilegar á vef Rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun.<sup>12</sup> Skýrsla um rannsóknina í heild sinni birtist einnig þar.

Hér er litið svo á að fyrsta stig þróunarinnar sé það sem hrindir af stað þörfinni fyrir samkenslu. Þar er um að ræða annars vegar þörf stofnunarinnar fyrir að spara þar sem færri tímar eru greiddir fyrir jafnmarga nema þegar námskeið eru samkennd, og hins vegar áhuga ýmissa einstaklinga innan stofnunar, bæði stjórnenda og kennara, fyrir að þróa opna og sveigjanlega kennsluhætti. Kennarar og nemar standa frammi fyrir breytingum á reglum um fyrirkomulag sem hefur áhrif á viðfangsefni þeirra bæði sem nema og kennara. Þeir þurfa að laga starfshætti sína að breytingunum og líklegt er að það kosti árekstra og spennu sem finna verður lausn á til að hægt sé að þróa starfsemina áfram. Mikilvægt er að átta sig á hvaða undirliggjandi þættir valda áhyggjum og stundum spennu nema og kennara og finna leiðir til að styðja þá í að komast yfir vandamál og þróa starfshættina. Líkanið um hringrás útvíkkaðs náms gerir ráð fyrir að vandamál, sem upp koma á þessu 2. stigi í hringrásinni, stafi af því að það sé spennu eða mótsögn á milli þeirra nýju þátta, sem settir voru inn í kerfið, og þátta sem fyrir eru og þarf að breyta svo að þeir verði í takt við boðaðar nýjungar (Engeström, 2007a).

Mikilvægt er í öllu breytingastarfi í starfsemi að missa ekki sjónar af meginviðfangi starfseminnar sem hér er kennaramenntun sem þjónar skólum. Breyttar reglur um samsetn-

<sup>12</sup> [https://skrif.hi.is/rannum/files/2011/11/Tillogur\\_umhugsun\\_samkensla\\_nov\\_2011.pdf](https://skrif.hi.is/rannum/files/2011/11/Tillogur_umhugsun_samkensla_nov_2011.pdf)



ingu nemahópsins kalla á að kennarar horfist í augu við að kennaranemarnir í hverju námskeiði eru í ólíkri stöðu og að háskólinn hefur skuldbundið sig til að veita menntun bæði þeim sem hafa valið sér fjarnámsform og þeim sem hafa valið sér staðnámsform. Fjarnemar hafa mismunandi ástæður fyrir að velja sér fjarnám og kennarar þurfa að átta sig á aðstæðum þeirra til að geta skipulagt námið þannig að það ýti undir þátttöku þeirra og árangur. Reynslan af fjarnámi kennara, sem eru starfandi í skólum (grunnskólum og leikskólum), bendir til að það styrki kennaranema þegar kennarar taka mið af stöðu þeirra við skipulag kennslu, svo og við skipulag vettvangsnáms (Þ uríður Jóhannsdóttir, 2010).

Í viðtölum við kennara, sem tekin voru vegna rannsóknarinnar, kemur fram að sumum kennurum finnst það ekki skipta máli að vita hvort kennaranemar eru starfandi við kennslu. Einn viðmælenda taldi að við skipulag kennaranáms væri gengið út frá því að það væri nám til undirbúnings kennslu og því væri ekki hægt að taka mið af því í skipulagi þótt sumir kennaranemar hefðu reynslu eða störfuðu við kennslu. Það væri auk þess stundum til trafala þar sem þeir nemar vildu ekki læra neitt nýtt, heldur halda sig við þá starfshætti sem þeir hefðu vanið sig á sem leiðbeinendur. Annar sagði að það væri betra að vita ekki hvort nemar væru að kenna þar sem ekki væri gert ráð fyrir að vettvangsnám væri skipulagt með hliðsjón af því.

Í byrjun greinarinnar var því lýst hvernig á upphafsárum kennaranáms í fjarnámi varð þróun sem lýsa má sem dæmi um víkkað nám. Sú þróun telst vera jákvæð þar sem starfsfólk bregst við breytingum með því að víkka skilning sinn á viðfangi starfseminnar, hér kennaramenntunar. Dæmið hér að ofan bendir til að ákveðin hætta sé á að nú með samkennsluforminu verði um að ræða öfuga þróun sem lýsir sér í því að kennarar (a.m.k. sumir) þrengi skilning sinn á því viðfangsefni sínu að mennta kennara. Að það verði sem sagt ekki að mennta bæði þá kennara, sem eru að búa sig undir starf í framtíðinni, og þá sem þegar starfa við kennslu, en það varð sá skilningur sem þróaðist með fjarnáminu, heldur líti menn svo á að sá tími sé liðinn og nú geti þeir hagað starfi sínu miðað við að viðfangið sé eins og áður en fjarnámið kom til.

Sá ókostur samkennslu, sem næstflestir kennarar nefndu í spurningakönnuninni, var að þeim fannst það vera aukið álag að sinna báðum hópunum. Í viðtölum við kennara eru vísbendingar um að sumum þeirra finnst mikilvægara að sinna staðnemum en fjarnemum. Þeir segjast reiðubúnir að leggja á sig aukna vinnu við að geta haldið áfram að hitta nemendur í reglubundnum kennslustundum vikulega en kvarta yfir að það sé mjög tímafrekt að sinna fjarnemum og einn orðar það svona: „Það er rosalega fyrirhöfn með þessa fjarnema. Ef á að fylgjast með því sem þeir eru að gera og bregðast við því þá er það rosalega mikil vinna.“ Einn viðmælenda úr hópi kennara taldi að kennarar hefðu sinnt fjarnemum betur þegar fjar- og staðnám var aðskilið og fleiri töldu að það hefði verið betra fyrirkomulag þegar fjarnemum og staðnemum var kennt í aðskildum hópum. Í spurningakönnun meðal nema kemur fram að flestum þeirra finnst það helsti ókostur samkennsluformsins að fjarnemar verði útundan og að staðnemar séu í betra sambandi við kennara. Það er því ástæða til að hafa ákveðnar áhyggjur af því að fjarnemum sé stundum ekki sinnt til jafns við staðnema. Kennurum er ætlað að sinna flóknara og tímafrekara viðfangsefni en áður og á sama tíma er þeim ætlaður minni tími til að sinna því. Þeir eru því margir í aðstæðum þar sem þeim finnst þeir vera í ákveðinni klemmu.

Fram kemur í svörum kennara í spurningakönnuninni að þeim finnst að helsti ókostur samkennslunnar sé lítil virkni fjarnema og í viðtölum við kennarana er þetta helsta áhyggjuefni þeirra. Venjan hefur verið að skipuleggja umræður fjarnema á námskeiðsvefjum en í samkennsluforminu hefur almennt gengið illa að fá fjarnema til að vera virka þátttakendur í þeim umræðum. Kennarar, sem tekin voru viðtöl við, voru almennt frekar ráðalausir varðandi hvað hægt væri að gera og fannst þeir oft vera búnir að reyna hvað

þeir gætu til að hvetja fjarnema en með litlum árangri. Einn kennari hafði breytt fyrirkomulagi við námsmat þannig að bæði var gert ráð fyrir vikulegum skilum strax fyrstu vikunnar í námskeiði og jafnframt hafði hann mótað matskvarða með skýrt skilgreindum kröfum en þær gerðu það að verkum að nemandur þurftu í verkefnum að sýna fram á að þeir hefðu raunverulega tileinkað sér það sem til var ætlast til að standast kröfur námskeiðsins. Þessi kennari var ánægður með árangurinn sem hann sagði að leiddi til þess að þeir sem ekki ætluðu sér að leggja sig fram dyttu út úr námskeiðinu snemma en hinir vendu sig á að vinna vel í samræmi við markmið námskeiðsins. Þarna er vísbending um að ein leið til að virkja fjarnema og þá sinna þeim betur í samkennsluforminu geti verið sú að breyta aðferðum við námsmat. Hér er lagt til að það verði hluti af þróunarvinnu sem þarf að setja af stað til að vinna sig út úr þeim vandamálum sem kennarar upplifa í samkennsluforminu.

Fyrir suma kennara voru það rök fyrir því að þróa samkennslu staðnema og fjarnema að með því móti væri hægt að styrkja fagsamfélög verðandi faggreinarkennara, einkum í greinum þar sem námshópar eru fámennir. Í þeirri rannsókn, sem hér er kynnt, kom fram í viðtölum við tvo kennara sem kenndu sömu grein að þeir höfðu lagt sig fram um að mynda slíkt fagsamfélag þvert á námsár og bundu vonir við að það styrkti námið í viðkomandi faggrein. Þeim reyndist þó eins og fleiri kennurum erfitt að virkja fjarnema til þátttöku vegna mikillar vinnu þeirra við kennslu og annað en höfðu lagt áherslu á að efla tengsl við þá með því að gefa þeim aðgang að sem mestu af því sem fram fór meðal nema sem mættu í tíma. Þessum kennurum og fleirum sem viðtal var tekið við var umhugað um tengslin við vettvang skólustarfs og að kennaranemar lærðu að verða hluti af fagsamfélaginu á þeim vettvangi. Lagt er til að í umræðu um þróun samkennsluformsins verði þetta haft að leiðarljósi; sem sé þróun fagsamfélaga nema og efld tengsl við vettvang skólustarfs.

Hér hefur verið vakin athygli á nokkrum þáttum sem niðurstöður úr rannsókn á samkennslunni veturinn 2010–2011 hafa leitt í ljós og bent á fáein atriði sem lagt er til að nýtt verði í þróunarvinnu á vegum Menntavísindasviðs. Fleiri atriði munu væntanlega koma til álita þegar farið verður nánar ofan í saumana á þessum niðurstöðum með starfsfólki á vettvangi kennaramenntunar. Það er þá á ábyrgð stofnunarinnar sem komið hefur samkennslunni á fót að finna, í samvinnu við kennara og nemendur, leiðir til að þróa kennsluhætti áfram hvort sem haldið verður áfram með þetta form eða aðrar leiðir fundnar.

## Heimildir

Amalía Björnsdóttir. (2009). *Fjarnemar*. Óútgefið handrit.

Auður Kristinsdóttir, Ásrún Matthíasdóttir og M. Allyson Macdonald. (2001). *Úttekt á fjarkennslu við Kennaraháskóla Íslands*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun KHÍ. Sótt í nóvember 2008 af <http://rannsokn.khi.is/matsverkefni/fjarkennsla/fjarkennslaskyrslanetutgafa.pdf>

Ásrún Matthíasdóttir. (1999). *The division of early childhood education in the Icelandic University of Education: The attitudes of students and teachers*. Óbirt meistaraþrófsritgerð: The Open University, Bretland.

Engeström, Y. (1987). *Learning by expanding: An activity-theoretical approach to developmental research*. Helsinki: Orienta-Konsultit.

Engeström, Y. (2001). Expansive learning at work: toward an activity theoretical reconceptualization. *Journal of Education and Work*, 14(1), 133–156.

Engeström, Y. (2007a). Enriching the theory of expansive learning: Lessons from journeys toward coconfiguration. *Mind, Culture and Activity*, 14(1/2), 23–39. Sótt í desember

2011 af <http://search.ebscohost.com/login.aspx?direct=true&db=aph&AN=24984423&site=ehost-live>

Engeström, Y. (2007b). Putting Vygotsky to work. The change laboratory as an application of double stimulation. Í H. Daniels, M. Cole og J. V. Wertsch (ritstjórar), *The Cambridge companion to Vygotsky* (bls. 363–382). Cambridge: Cambridge University Press.

Engeström, Y. og Sannino, A. (2010). Studies of expansive learning: Foundations, findings and future challenges. *Educational Research Review*, 5(1), 1–24. Sótt í desember 2011 af <http://www.sciencedirect.com/science/article/B7XNV-4Y646RG-1/2/08c6fcf9cb9ffed74119660de4a3353e>

Jón Jónasson. (2001). *On-line distance education: a feasible choice in teacher education in Iceland?* Óbirt M.Ed. thesis, University of Strathclyde, Glasgow. Sótt 15. júlí 2011 af <http://notendur.hi.is/jonjonas/skrif/phil/thesis.pdf>

Kennaraháskóli Íslands. (2003). *Kennaraháskóli Íslands – Ársskýrsla 2002*. Reykjavík: Höfundur.

Kennaraháskóli Íslands. (2008). *Kennaraháskóli Íslands – Ársskýrsla 2007*. Reykjavík: Höfundur. Sótt í desember 2011 af <http://www.hi.is/files/skjol/menntavísindasvid/arsskyrsla2007.pdf>

Lára Stefánsdóttir og Sigurjón Mýrdal. (1993). Fjarkennsla um tölvunet. *Uppeldi og menntun*, 2, 121–130. Sótt í desember 2011 af <http://old.ma.is/kenn/lastef/greinar/fjarim.html>.

Rósa Harðardóttir. (2011). *Samkenndsla fjar- og staðnema: Könnun á viðhorfum nemenda í grunnnámi á Menntavísindasviði Háskóla Íslands*. Óbirt lokaritgerð í áfanganum Fjarnám og -kenndsla vorið 2011.

Sólveig Jakobsdóttir. (2008). The role of campus-sessions and face-to-face meetings in distance education. *European Journal of Open, Distance and E-Learning*, 2008 (II). Sótt í desember 2011 af <http://www.eurodl.org/materials/contrib/2008/Jakobsdottir.htm>.

Sólveig Jakobsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir, Hanna Lilja Valsdóttir, Ingibjörg B. Frímannsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir. (2008). *Fjarnám við Kennaraháskóla Íslands: Skipulag á staðlotum og leiðir til að draga úr brottfalli*. Reykjavík: Símenntun – Rannsóknir – Ráðgjöf Kennaraháskóla Íslands. Sótt í desember 2011 af <http://www.hi.is/files/skjol/menntavísindasvid/fjarnamsskyrsla.pdf>

Þuríður Jóhannsdóttir. (2010). Deviations from the conventional: contradictions as sources of change in teacher education. Í V. Ellis, A. Edwards og P. Smagorinsky (ritstjórar), *Cultural-historical perspectives on teacher education and development* (bls. 163–279). London: Routledge.

Þuríður Jóna Jóhannsdóttir. (2010). *Teacher education and school-based distance learning: individual and systemic development in schools and a teacher education programme*. Óbirt doktorsritgerð: Háskóli Íslands. Sótt í desember 2010 af <http://hdl.handle.net/1946/7119>

Þuríður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir. (2010). Þróun samkenndslu staðnema og fjarnema á Menntavísindasviði Háskóla Íslands: Rannsóknar- og þróunarverkefni í deigl-

unni. *Netla - vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt í október 2011 af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/030.pdf>



Þuríður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir. (2011).  
Samkenndsla staðnema og fjarnema við Menntavísindasvið Háskóla Íslands:  
Reynsla og viðhorf kennara og nema – togstreita og tækifæri.  
*Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.  
Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/033.pdf>